




HJÁLMOHOLTSNÁMA Í MERKURHRAUNI

Deiliskipulag

04.12.2023



Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps þann _____

f.h. Flóahrepp

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

5421-002-DSK-V03

HÖFUNDUR

Brynja Rán Egilsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1.1	Markmið	6
1.2	Skipulagsgögn	6
2.1	Staðhættir	7
2.2	Efnistökusvæði	7
2.3	Náttúrufar og dýralíf	8
2.4	Jarðmyndanir	8
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	9
3.2	Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029	9
3.2.1	Efnistökusvæði (E)	9
3.2.2	Vatnsvernd	10
3.3	Minjar	11
4.1	Sérskilmálar	12
4.1.1	Byggingar	12
4.1.2	Efnistaka / Efnisvinnsla	12
4.1.3	Aðkoma/vinnuvegir	12
4.1.4	Ásýnd og frágangur	13
4.2	Almennir skilmálar	13
4.2.1	Mannvirki og plön	13
4.2.2	Veitur	13
4.2.3	Sorp	13
4.2.4	Skilti og lýsing	13
4.2.5	Mengunarvarnir	14
5.1	Umhverfismat framkvæmdar	15
5.2	Umhverfismat deiliskipulags	16
5.2.1	Vægi umhverfisáhrifa	16
5.2.2	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið	16
5.3	Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags	17
6.1	Skipulagsferli	19

1 INNGANGUR

Deiliskipulag þetta nær til Hjálmholtsnámu sem er staðsett í Merkurhrauni á lóð úr landi Hjálmholtts (L211050) við Skeiða- og Hrunamannaveg, um tvo km ofan Þjóðveggar 1. Efni hefur verið unnið í Hjálmholtsnámu frá því um 1980 og er núverandi stærð námunnar um 12 ha. Efni úr námunni er aðallega nýtt í húsgrunna og vegaf framkvæmdir á Suðurlandsundirlendinu. Til stendur að vinna allt að 150.000 m³ á allt að 25 ha svæði í samræmi við gildandi aðalskipulag Flóahrepps.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal gera deiliskipulag fyrir efnistökusvæði eða reiti innan sveitarfélags þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Deiliskipulagið felur í sér skilgreiningu á hámarksefnistöku magni skv. heimildum aðalskipulags, stækkun efnistökusvæðis og afmörkun vinnslusvæðis. Efnistakan nær inn á fjarsvæði vatnsverndar og er gerð sérstaklega grein fyrir hættu á mengun vatnsbólá í deiliskipulagi og fyrirbyggjandi aðgerðir m.a. með að tryggja að aldrei sé umtalsvert magn mengandi efna geymt á svæðinu.

Efnistaka sem þessi, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra, eða þar sem efnismagn er 50.000 m³ eða meira er tilkynningarskyld í samræmi við grein 2.02 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr.111/2021. Matsskýrsla er dagsett 5. Nóvember 2021 og álit Skipulagsstofnunar er dagsett 15. Mars 2022.

Matið er unnið samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda nr. 111/2021 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Samkvæmt núgildandi lögum er efnistaka ekki skyldug til að fara í umhverfismat þar sem hún er undir 500.000 m³, heldur er hún einungis tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu. Þegar matsferlið hófst voru hins vegar lög nr. 106/2000 enn í gildi og þar miðaðist umhverfismat við 150.000 m³. Í stað þess að byrja ferlið upp á nýtt með matskyldufyrirspurn var ákveðið að klára umhverfismatferlið sem þegar var hafið.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir skipulagssvæðið.



MYND 1. Afstöðumynd sem sýnir staðsetningu Hjalmsólshólms merkt með rauðum punkt. Kort:Landmælingar Íslands

1.1 Markmið

Með efnavinnslu í Hjalmsólshólmsnámu er verið að afla jarðefnis m.a. til notkunar í byggingar- og vegaf framkvæmdir á Suðurlandi.

Markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Setja ramma utan um starfsemi á svæðinu.
- Skilgreina uppbyggingu og stækkunaráform til framtíðar.
- Setja skilmála um vandaðan frágang og umgengni að vinnslu lokinni.
- Greina fyrir áhrifum námunnar á umhverfið.

1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdráttur er unninn á grunni loftmyndar frá EFLU verkfræðistofu og kortagrunnum IS50v frá LMÍ og hæðarlínum frá EFLU. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:4000.
- Skýringaruppdráttur í mkv. 1:15000
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum ásamt umhverfismatsskýrslu.

2 FORSENDUR

Á undanförunum árum hefur staðið yfir mikill vöxtur byggðar á Suðurlandi með talsverði íbúðarfjölgun, fjölgun ferðamanna og uppbyggingu atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir efni úr Hjálmholtsnámu vegna áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu.

Á Suðurlandi er almennt skortur á námum með góðu efni til vegagerðar, bygginga og annarra framkvæmda. Þetta veldur því að oft á tíðum þarf að flytja efni langar vegalengdir, s.s. úr námu í Ingólfsfjalli eða jafnvel Lambafelli við Þrengslaveg. Slíkt er óhagkvæmt og einnig óæskilegt t.d. út frá umferðaröryggi og kolefnisútblæstri. Einnig verða framkvæmdir dýrari eftir því sem flytja þarf efni lengri vegalengd.

Með áframhaldandi efnistöku í Hjálmholtsnámu, sem er vel staðsett við flutningsleiðir á miðju Suðurlandi, er verið að auðvelda aðgang að góðu efni úr námu með tilskilin leyfi og minnka umhverfisáhrif.

2.1 Staðhættir

Náman er staðsett um 2 km frá Þjóðvegi 1, aðkoma er um aðkomuveg frá Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30). Náman er á Hjálmholt lóð L211050. Núverandi efnistökusvæði er niðurgrafið í Merkurhrauni og sést því ekki frá Skeiðavegi.

Merkurhraun er hluti af Þjórsárhrauninu sem að varð til í miklu hraungosi í Veiðivötnum fyrir um 8.700 árum og þekur Þjórsárhraunið stóran hluta Suðurlands, allt frá Veiðivötnum og niður í sjó. Í nágrenni við efnistökusvæðið er yfirborð hraunsins blanda af mosa- og graslendi.

Um 300 m norðan námunnar er Hvítá og handan hennar Hestfjall. Austan og suðaustan við efnistökusvæðið eru sumarbústaðabyrpingar í nokkur hundruð metra fjarlægð. Engin mannvirki, vegir eða umferð er vestan, norðan og norðaustan við efnistökusvæðið. Engin byggð eða umferð er á bökkum Hvítár norðan námunnar. Skammt sunnan námunnar er Hraunkargi, 10 ha lóð og þar sem rúmlega 100 fermetra einbýlishús er skráð á lóðinni, byggt 2011. Lóðin nýtir sömu vegtengingu af Skeiðavegi og liggur að námunni.

2.2 Efnistökusvæði

Í gildandi Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skilgreint efnistökusvæði í Merkurhrauni, E6, sem er hraunnáma fyrir allt að 150.000 m³ efnistöku. Núverandi efnistökusvæði er um 12 ha að stærð, en svæðið verður með árunum stækkað upp í allt að 25 ha. Náman er innan fjarsvæðis vegna vatnsverndar.

Óraunhæft er að áfangaskipta námunni en innan svæðisins verður gert ráð fyrir þjónustuhúsi, ásamt vinnslu efnis og lageraðstöðu innan efnistökusvæðis.

Fyrirhugað er að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks, m.a. salernisaðstöðu. Svæðið er á fjarsvæði vatnsverndar og frágangur fráveitu verður í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Í álitsgerð Íslenskra Orkurannsókna (ÍSOR) kemur fram að „efnisnáma er í Merkurhrauni um 1.200 m austan við

eystra brunnsvæðið og 2.200 m austan við vestara brunnsvæðið. Líklegt er að hún sé á vatnasviði brunnsvæðanna þótt það sé ekki víst. Samkvæmt venjulegum viðmiðjum ætti þessi fjarlægð að vera næg ef vel er gegnið um námuna og rétt að vatnsbóli staðið.“ Ekki er talin hætta á að hefðbundin siturlögn frá rótþró ætti að vera til skaða ef rétt er staðið af frágangi mannvirkja. Að jafnaði eru um 1-2 starfsmenn að ræða í námunni og því ætti álag af völdum fráveitu á grunnvatnsgeyminn undir hrauninu að vera mjög lítil. Starfsfólki verður kynnt öryggisreglur fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæðið í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit.

2.3 Náttúrufar og dýralíf

Vistgerðir á vinnslusvæðinu eru eyðihraunavist L6.1 með lágt verndargildi en er á lista Bernarsamningsins frá 2014 um vistgerðir sem þarfnast verndar. Eyðihraunvist er lítt útbreidd en hún finnst á ungum, lítt grónum hraunum og eldri hraunum þar sem gróðurframvinda er hæg vegna sandfoks. Einnig er að finna mosamóavist L10.1 á svæðinu, hún er alútbreidd á landinu og finnst á láglandi og til heiða. Mosamóavist er með lágt verndargildi. Allar vistgerðirnar eru útbreiddar hér á landi og er því ekki verið að raska nema mjög litlum hluta þeirra. Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagning miðast við nákvæmni allt að 1:25.000.

2.4 Jarðmyndanir

Hjálmholtsnáma er í Þjórsárhrauni. Þjórsárhraunið, 970 km² og 25 km³, er stærsta hraun sem runnið hefur á nútíma á Íslandi, bæði í flatarmáli og rúmmáli. Námusvæðið er ekki friðlýst eða á náttúruminjaskrá. Þjórsárhraun eru mjög umfangsmikil og þekja stóran hluta Suðurlandsundirlendisins. Hraunið sem Hjálmholtsnáma nær til er að mestu hulið jarðveg og gróðri, innan námusvæðisins eru að jafnaði 2 m af jarðvegi ofan á hrauninu.

Eldhraun frá nútíma njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en þar segir einnig að „Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og er ekki lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistagerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni“

3 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim. Í landsskipulagsstefnu er stefna um að stuðlað verði að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og var horft til þess við gerð deiliskipulags.

Í kafla 2.2.2 um Náttúru, menningararf og heilnæmt umhverfi segir:

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt eða verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.“

Samræmi deiliskipulagstillögu við landsskipulagsstefnu

Deiliskipulagstillagan samræmist Landsskipulagsstefnu. Svæðið sem deiliskipulagið nær til er að stærstum hluta þegar raskað. Með því að halda áfram efnistöku á svæðinu má mögulega koma í veg fyrir að nýjar námur verði teknar í notkun með tilheyrandi riski. Einnig er áhersla lögð á vandaðan frágang svæðis og uppgræðslu lands að efnistöku lokinni.

3.2 Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029

3.2.1 Efnistökusvæði (E)

Deiliskipulagið er unnið á grundvelli gildandi aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029. Þar er fyrirhugað efnistökusvæði Hjálmholtsnámu skilgreint sem E6.

Efnistökusvæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
E6	Merkurhraun	Hraunnáma. Áætluð efnistaka er allt að 150.000 m ³ . Náman er innan fjarsvæðis vegna vatnsverndar. Ekki er heimilt að geyma olíur eða önnur mengandi efni í námunni. Við gerð deiliskipulags skal áfangaskipta efnistöku úr námunni og ganga jafnóðum frá þeim hluta námunnar þar sem vinnsla er lokið. Stærð allt að 25 ha. Náman er háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Mat á umhverfisáhrifum skal fara fram á fyrri hluta skipulagstímans. Við mat á umhverfisáhrifum námunnar og gerð deiliskipulags verði m.a. hugað að því hvort og þá hvaða takmarkanir þurfi að gilda um framkvæmdir og umgengni í námunni vegna vatnsverndar. Efnistaka er óheimil	Hjálmholt

	þar til fyrir liggur niðurstaða úr mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar og framkvæmdarleyfi hefur verið veitt.	
--	---	--

Markmið aðalskipulags varðandi efnistökusvæði eru eftirfarandi:

- Lögð er áhersla á nægt framboð fjölbreyttra efnistökusvæða.
- Almennt er gert ráð fyrir fáum en tiltölulega stórum efnistökkustöðum.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðum.
- Öll efnistaka er framkvæmdarleyfisskyld skv. lögum.
- Áhersla er lögð á góða umgengi á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok.

Þær námur sem skilgreindar eru í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum. Við veitingu framkvæmdarleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengi og frágang að vinnslu lokinni. Vanda skal frágang efnistökusvæða og aðlaga þau að nærliggjandi umhverfi.

3.2.2 Vatnsvernd

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun neysluvatns. Skipulagssvæðið nær yfir fjarsvæði brunnsvæðisins Bitrulindir (VB4) sem er mögulegt framtíðarvatnsból í landi Hjálmholts.

Um grannsvæði vatnsverndar segir m.a. að „á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn“. Skipulagssvæðið nær inn á fjarsvæði vatnsverndar en fjarsvæði liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla.

Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi skv. 13 gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: „Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja“.

Fjarsvæði		
Flokkur III	Lýsing	Jörð
Merkurhraun	Fjarsvæði Bitrulinda í Merkurhrauni.	Hjálmholt, Bitra.

Samræmi deiliskipulagstillögu við aðalskipulag

Deiliskipulagið er í samræmi við markmið og stefnu í aðalskipulagi. Verið er að stækka núverandi námu, breyta afmörkun hennar og ekki er verið að ganga á vernduð svæði, að undanskildu fjarsvæðis vatnsverndar. Efnisnáman er um 1200 m austan við brunnsvæðið og ógnar ekki vatnsbólinu og verndarsvæði þess ef farið er að gát við vinnsluna. Tekið er tillit til þess við gerð deiliskipulags og gætt

Þess að starfsemi efnistökusvæðisins er í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir þar að lútandi. Náman er það lítil að óraunhæft er að ætla að skipta henni upp í ótengda áfanga en deiliskipulagið setur góða umgengni á vinnslutímanum og vandaðan frágang svæðis þegar vinnslu lýkur.

3.3 Minjar

Aðalskráningu minja í sveitarfélaginu er lokið. Engar friðlýstar fornminjar eru innan vinnslusvæðis námunnar. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmda tíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

4 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Gert er ráð fyrir áframhaldandi efnistöku í Hjálmholtsnámu í samræmi við gildandi aðalskipulag. Alls er fyrirhugað að vinna allt að 150.000 m³ af efni á allt að 25 ha svæði. Áætlað er að það efnismagn dugi í um 20 ár m.v. efnistöku fyrri ára, sem er að meðaltali um 7.500 m³ á ári.

4.1 Sérskilmálar

4.1.1 Byggingar

Skilgreindur er einn byggingarreitur innan efnistökusvæðisins. Heimilt verður er að vera með lítið þjónustuhús, allt að 100 m² þar sem m.a. verður móttaka, starfsmannaðstaða, salerni o.fl. Þjónustuhús verður á einni hæð og verður auðvelt að fjarlægja það, þegar vinnsla leggst af.

Heimilt verður að hafa gáma, í stað bygginga tímabundið eða til lengri tíma, í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins. Þeir skulu þó vera innan byggingarreits.

Hreinsivirki verður innan byggingarreits. Frágangur verður í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Heimilt er að staðsetja vinnuskúra/salerni innan efnistökusvæðis, án skilgreiningar sérstaks byggingarreits í samráði við byggingarfulltrúa og Heilbrigðiseftirlitið, enda sé frágangur og eftir atvikum lagnir í samræmi við reglugerðir og hafi gilt stöðuleyfi eða byggingarleyfi, sé farið fram í slíkt.

4.1.2 Efnistaka / Efnisvinnsla

Efnið verður unnið á sambærilegan hátt og hingað til og gengið verður frá námunni að því loknu. Vinnsla fer þannig fram að misþykku jarðvegslagi er mokað ofan af hraunkarganum, karganum er síðan mokað í „forbrjót“. Efni er svo efnisflokkað og grófara efni sett í „kónbrjót“ í frekari vinnslu. Efni er svo „lagerað“ á námusvæði, þar til það er flutt burt til notkunar.

Efni er að jafnaði unnið niður á um 5 m frá efsta yfirborði. Fyrirhugað er að það áfram verði náman unnin niður á sambærilegri dýpt.

Náman er það lítil að óhraunhæft er að ætla að skipta henni upp í ótengda áfanga. Alltaf verður vinnsla á 2-3 stöðum innan hennar til að vinna mismunandi efni, t.d í vegi, húsagrunna og steinsteypu. Gengið verður frá vinnslusvæðum um leið og efnistöku er lokið á viðkomandi svæði eins og unnt er.

4.1.3 Aðkoma/vinnuvegir

Aðkoma að skipulagssvæðinu er af Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30). norður að námusvæðinu. Vegtening er samnýtt með aðkomuvegi að Hjálmholti.

Vinnuvegir liggja innan efnistökusvæðis. Almenn umferð um þá er óheimil út af öryggissjónarmiðum en sett verða upp varúðar- og bannskilti.

4.1.4 Ásýnd og frágangur

Framkvæmdaraðili skal ávallt huga að því að halda svæðinu snyrtilegu og tryggja eftir því sem kostur er að engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Leitast verður við að aðlaga svæðið að núverandi landi og ganga frá yfirborði í samræmi við umhverfið í kring.

Helstu aðgerðir verða þær að móta fláa frá yfirborði utan námu og niður í botn námu. Fláar skulu vera að lágmarki 1:3 of mynda ójafnt landslag. Botn námu skal vera grófjafnaður, en skilja skal eftir hrauneitla og hraunstrýtur. Forðast skal beinar og skarpar línur við frágang. Eftir því sem kostur er, skal nota skal yfirborðsjarðveg, sem er ýtt ofan af vinnslustálinu, til að móta fláa og botn. Leyfa skal staðgróðri að koma upp á sjálfsdáðum, en fylgjast skal með gróðurframvindu. Ef að vart verður við mikið uppfok eða úrrennsli er æskilegt að sá í landið eða gefa hóflegan áburð.

Frágang efnistökusvæðis eftir vinnslu skal þannig háttað leitast verði við land falli aftur að nærumhverfi sínu og að það líkist sem mest aðlægum landformum. Landmótun og viðeigandi uppgræðsla skal fara fram að vinnslu lokinni. Bent er á vefsíðuna www.namur.is varðandi vinnslu og frágang svæðis.

4.2 Almennir skilmálar

4.2.1 Mannvirki og plön

Heimilt verður að staðsetja gáma/vinnuskúra í samráði við skipulagsfulltrúa og Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Óheimilt er að geyma olíur og önnur mengandi efni innan svæðis til lengri tíma.

4.2.2 Veitur

Svæðið er tengt dreifikerfi RARIK. Neysluvatn verður fengið úr vatnsveitu sveitarfélagsins eða öðru viðurkenndu vatnsbóli, í samráði við Heilbrigðiseftirlit.

Hreinsivirki er innan byggingarreits og skal tryggja gott aðgengi að því til tæmingar. Leiðbeinandi staðsetning er sýnd á uppdrætti.

4.2.3 Sorp

Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni. Annan úrgang skal meðhöndla í samræmi við starfsleyfi.

4.2.4 Skilti og lýsing

Merkingar bygginga og skilti skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir og skal gera grein fyrir hvar og hvernig þeim er háttað á viðkomandi byggingu eða byggingarreit. Gert er ráð fyrir að sett verði upp leiðbeinandi skilti vegna öryggismála.

Í byggingarreglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir birtu og lýsingu sem skal höfð að leiðarljósi.

4.2.5 Mengunarvarnir

Við framkvæmdir skal huga að mengunarvörnum, m.a. hvað varðar olíu-, sand- og fituskilju og einnig loftræsingu eftir því sem við á. Heimilt er að gera skjólgarða/jarðvegsmanir til að draga úr hljóð- og rykmengun frá svæðinu. Heimilt er að planta við jaðar vinnslusvæða til að draga úr rykmengun og mun það einnig hafa áhrif á ásýnd svæðisins.

Skv. reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. er innan fjarsvæða vatnsverndar óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum sem geta mengað grunnvatn, m.a. olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001. Ekki er heimilt að láta tæki eða tól standa til lengri tíma, þar sem hættu er á að olíur eða mengandi efni kunni að leka úr tækjum.

Skv. reglugerð nr. 550/2018 er vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar- og grjótnám eins og fram fer í Hjálmholtsnámu, mengandi starfsemi og er starfsleyfisskyld sem slík hjá heilbrigðisnefndum. Haft verður samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um aðgerðir til mengunarvarna og gert verður ráð fyrir því í starfsleyfi ef geyma þarf megnandi og hættuleg efni innan efnistökusvæðis.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti skipulagsins sjálfs. Þetta eru þættir eins og vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Matið felst í verklagi sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun við gerð skipulags og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatið felur í sér mat á líklegum áhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram.

5.1 Umhverfismat framkvæmdar

Verkfræðistofan EFLA vann umhverfismat vegna stækkunar námunnar. Lögð var fram umhverfismatsskýrsla, *Hjálmholtsnáma – áframhaldandi efnistaka úr Hjálmholtsnámu – Umhverfismatsskýrsla*, dagsett 5. nóvember 2021. Álit skipulagsstofnunar vegna hennar er dagsett þann 15. mars 2022.

Matið er unnið samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda nr. 111/2021 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Samkvæmt núgildandi lögum er efnistaka ekki skyldug til að fara í umhverfismat þar sem hún er undir 500.000 m³, heldur er hún einungis tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu. Þegar matsferlið hófst voru hins vegar lög nr. 106/2000 enn í gildi og þar miðaðist umhverfismat við 150.000 m³. Í stað þess að byrja ferlið upp á nýtt með matsskyldufyrirspurn var ákveðið að klára umhverfismatferlið sem þegar var hafið.

Í matsskýrslunni var megináhersla lögð á gróður og fuglalíf, jarðmyndanir, landslag og ásýnd, fornleifar og vatnsvernd. Helsta niðurstaða matsins er að framkvæmdin hefur óveruleg neikvæð áhrif á tilgreinda umhverfisþætti. Í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hjálmholtsnámu segir:

„Fyrirhuguð efnistaka mun hafa óveruleg neikvæð áhrif á fugla, gróður, landslag og ásýnd. Ekki er mikill þéttleiki né fjölbreytileiki fugla á efnistökusvæði og þá hafa ríkjandi vistgerðir lágt verndargildi en græða á land upp aftur að efnistöku lokinni. Sjónræn áhrif efnistökkunnar mun aukast í takt við stækkandi efnistökusvæði en náman er í hvarfi frá helstu stöðum í nágrenninu þar sem fólk er mest á ferðinni sem mildar ásýndaráhrif hennar. Neikvæðustu umhverfisáhrifin eru varanlegt áhrif á jarðmyndanir sem eru einkum eldhraun frá nútíma, þjórásáhraun. Útbreiðsla þess er mikil og verndargildi takmarkað. Skipulagsstofnun metur efnistökkuna hafa talsvert neikvæð áhrif á jarðmyndanir. Engar minjar eru á efnistökusvæðinu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á þær mótvægis- og viðbragðsáætlanir sem Nesity kynnir í umhverfismatsskýrslu einkum vegna þeirra óvissu sem ríkir um vatnasvið brunnsvæðanna, til að koma í veg fyrir eða draga úr hættunni á að mengun berist inn á vatnsverndarsvæðið. Áhrif á vatnsverndina eru metin óverulega neikvæð.“

Við vinnslu deiliskipulags var stuðst við álit Skipulagsstofnunar á umhverfismat framkvæmdarinnar.

5.2 Umhverfismat deiliskipulags

5.2.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætla segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

Ekki er lagt mat á samanburð mismunandi valkosta heldur gerð grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum af stefnu deiliskipulagsins.

5.2.2 Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið

Umvhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu deiliskipulagsins á einstaka þætti umhverfis eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Við matið er horft til neðan greindra umhverfispátta og leitast við að svara matsspurningum m.t.t. þeirra viðmiða sem talin eru upp í töflunni:

TAFLA 1. Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	VIÐMIÐ	MATSSPURNING
Landslag og ásýnd <i>Náttúrulegt landslag</i> <i>Yfirbragð svæðis</i> <i>Landnotkun</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> Byggð falli að landslagi og náttúru og gangi ekki á verðmæt svæði að óþörfu. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 <ul style="list-style-type: none"> Vanda skal frágang efnistökusvæða og aðlaga þau að nærliggjandi umhverfi að vinnslu lokinni. Landslagsheildin þoli efnistöku án þess að heildarsvipmót hennar raskist. 	Hefur stefnan áhrif á landslag og yfirbragð svæðis? Hefur stefnan áhrif á nýtingu lands?
Samfélag <i>Efnahagur</i> <i>Atvinna</i> <i>Samgöngur</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að uppbyggingu vega í sveitarfélaginu. Leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi. 	Hefur stefnan áhrif á efnahag og atvinnulíf sveitarfélagsins? Hefur stefnan áhrif á samgöngur í sveitarfélaginu?
Heilbrigði <i>Mengun</i> <i>Losun gróðurhúsa-</i> <i>lofttegunda</i> <i>Verndun grunnvatns</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> Skipulagsgerð stuðli að heilnæmu umhverfi m.t.t. vatnsgæða, loftgæða, hljóðvistar o.fl. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 <ul style="list-style-type: none"> Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. Að vegalengd frá efnistökusvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka. Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030. Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.	Hefur stefnan áhrif á mengun, s.s. á hljóðvist, loftgæði og neysluvatn?
Gróður og dýralíf <i>Gróður</i> <i>Dýralíf</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> Landslagsgreining og vistgerðarflokkun lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum. 	Hefur stefnan áhrif á gróður, dýralíf og vistkerfi?

UMHVERFISÞÁTTUR	VIÐMIÐ	MATSSPURNING
Vistkerfi	Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 <ul style="list-style-type: none"> Forðast skal rask á jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta verndar, nema brýn nauðsyn beri til. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.	
Minjar Náttúru- og menningarminjar Jarðmyndanir	Landskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> Skipulagsgerð stuðli að verndun náttúru- og menningargæða. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 <ul style="list-style-type: none"> Efnistaka verði í samræmi við skipulagsáætlanir og taki mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða og friðlýstra fornminja. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.	Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar? Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði?

5.3 Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags

Grunnástand – Núll-kostur: Ekkert deiliskipulag er í gildi. Núllkostur er að endurnýja ekki framkvæmdarleyfi og loka námunni.

Nýtt deiliskipulag: Áframhaldandi efnistaka í Hjálmholtssnámu. Alls er fyrirhugað að vinna allt að 150.000m³ af efni á allt að 25 ha svæði í samræmi við gildandi aðalskipulag. Gert er ráð fyrir að efnið í námunni dugi næstu 20 árin og að starfsemin verði unnin á sambærilegan hátt og í dag. Skilmálar settir um mótvægisáðgerðir og vandaðan frágang þegar efnistöku lýkur.

Áhrif á landslag og ásýnd eru metin neikvæð. Fyrirhuguð efnisvinnsla mun hafa takmörkuð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins sökum þess hve náman er lítt sýnileg og grafin niður bakvið hæð, viðbótaráhrif áframhaldandi efnistöku á landslag er lítið. Þegar efnistöku lýkur verður svæðið mótað og aðlagð að nærliggjandi umhverfi. Unnið verður í samráði við Umhverfisstofnun og Sveitarfélagið Flóahrepp og verður eftirlit haft með fágangi svæðisins á vinnslutímanum.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Nú þegar er eftirspurn á jarðefnum námunnar, m.a. vegna mikilla framkvæmda og uppbyggingar húsnæðis á svæðinu, gerð nýrra vega og samgöngumannvirkja. Ætla má að efni námunnar muni nýtast til uppbyggingar næstu 20 árin. Náman er staðsett nálægt notkunarstað efnis og dregur það því úr akstri milli vinnslusvæðis og notkunarstaðs, styttir verktíma og framkvæmdir eru ódýrari.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg. Efnistökusvæðið er innan skilgreinds fjarsvæðis vatnsverndar. Til að tryggja að mengun berist ekki í grunnvant er möguleg mengunarhætta lágmörkuð með ákvæðum í starfsleyfi námunnar í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda. Ef varið er eftir lögum og reglum varðandi meðhöndlun efna/úrgangs innan vatnsverndarsvæða er ekki talin mikil hætta á mengun. Náman er staðsett nálægt notkunarstað efnis, sem dregur úr þungra akstri langar vegalengdir, það takmarkar mengun og útblástur kolefnis.

Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óveruleg/neikvæð. Áhrif á gróður hefur þegar átt sér stað, með áframhaldandi efnistöku á svæðinu verður rask á vistgerðum algjört og varanlegt. Svæðið sem raskast er algengar vistgerðir með lítið verndargildi. Áhersla er lögð á að svæðið veri látið gróa aftur upp með staðargróðri og lagað að aðliggjandi landi eins og kostur gefst. Svæðið sem raskast er lítið hlutfall af

6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagið er unnið í samráði við verkkaupa og sveitarfélagið. Óskað verður eftir umsögnum frá ýmsum aðilum, m.a. Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Landgræðslunni, landeigendum og Heilbrigðis-
eftirliti suðurlands.

6.1 Skipulagsferli

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillagan verði auglýst veturinn 2023-2024 og taki gildi vorið 2024.

